

Skólaráðsfundur 13.04.2021

Viðstaddir: Björgvin, Helga, Edda, Jórunn, Heimir, Steinunn, Sesselja og fulltrúar nemenda; Hjalti, Katrín, Sigríður og Stefán.

Dagskrá:

- 1) Opinn fundur – skólaþing: efni, dagsetning, fyrirkomulag
- 2) Staðan í húsnæðis- og lóðamálum. Örstutt
- 3) skólastarfið síðustu níu vikur skólaársins, stutt yfirferð.
- 4) Vinna ráðgjafa SFS með stjórnendateymi skólans
- 5) skóladagatal 2021-2022 – afgreiðsla
- 6) Fundir ráðsins í lokin og efni þeirra.

- 1) Opinn fundur skal vera á dagskrá, e.k. samráð skóla, nemenda og foreldra um málefni skólans samkvæmt reglugerð um skólaráð.

Tillögur um að fá að koma inn í skólann, hitta og eiga samskipti við aðra foreldra og kennara, ólíklegt að það gangi.

Spurt var hvað hafi verið rætt á skólaþingi í fyrra, hvort þurfi að halda áfram með einhver málefni. Hver verður aðkoma nemenda? Koma hugmyndum þeirra á framfæri og taka til umræðu. Samhljómur um að láta raddir nemenda vera í forgrunni, fylgja hugmyndum þeirra eftir og streyma fundinum til að sem flestir foreldrar geti veri með.

Skólastjóri sendir fljótlega út tillögur að dagskrá og fyrirkomulagi.

- 2) Lóðin. Vinna við hönnun á endurbótum skólalóðarinnar er hafin. Þess er vænst að hægt verði að hefja framkvæmdir við fyrsta hluta sumarið 2021 og annan hluta 2022. Byrjað verður á austanverðri lóðinni þar sem boltavellirnir, græna svæðið og hluti af húsvarðargarðinum eru. Skólastjóri fór yfir teikningar að tillögum sem liggja fyrir en fjármögnun liggur ekki fyrir enn. Fulltrúar nemenda voru áhugasamir og spurðu um ýmislegt, t.d. rólur, ruslatunnur og spjallsvæði með þaki fyrir þá sem vilja bara hanga og spjalla en ekki vera í boltaleikjum. Skólastjóri taldi þörf á því að heyra aftur í nemendum varðandi þeirra hugmyndir um skólalóðina. Fulltrúi foreldra fagnaði meiri fjölbreytni og fjölgun svæða sem gagnast fleiri nemendum, ekki bara þeim sem æfa boltaþróttir líka.

Húsnæðið. Skólastjóri upplýsti um hugmyndavinnu út frá forsögn (frá feb. 2021) um húsnæði Melaskóla hjá umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar. Rætt var um að þessi forsögn byggði á sömu hugmyndum og þeim sem kynntar voru fyrir fjórum árum en hlutu ekki hljómgrunn stjórnenda Melaskóla þá vegna þess að þær tóku ekki mið af þörfum skólans m.t.t. staðsetningar viðbyggingar, sameiningar starfseminnar með „hjartarými“ sem rúmaði stjórnun, sameiginlega aðstöðu fyrir starfsfólk, stækkun á kennslurými fyrir list- og verkgreinar en ekki bara tilfærslu, fjölnota matsal og ýmislegt fleira. Samhljómur var um að markmið með breytingum á húsnæðinu hljóti að eiga að gera hlutina betri en þeir eru núna en það virðist ekki raunin samkvæmt þessari nýju forsögn. Borgin heldur því fram að vegna friðunar á útliti Melaskóla leyfi minjastofnun ekki að byggt sé við aðalbygginguna en formlegt svar þess efnis virðist ekki liggja fyrir. Fulltrúi foreldra benti á að ef friðun Melaskóla stæði í vegi fyrir framkvæmdum væri mikilvægt að kanna það mál til hlítar með formlegum hætti. Taldi þetta allt til bóta en margar útfærslur óunnar þar sem hönnun lóðar og hönnun húsnæðis hljóti að hafa áhrif hvor á aðra og þurfa að haldast í hendur. Fulltrúar nemenda

höfðu komið með spurningar og athugasemdir þegar þeir fóru fyrir forsögnina með kennurum.

Umræðunni lauk með þeim orðum að nú væri rétti tíminn til að fylgja málum eftir af krafti, halda okkar þörfum á lofti og beita þrýstingi alls skólasamfélagsins á að fá einhverja niðurstöðu.

Fundartíminn var búinn og fjórir dagskrárliðir eftir. Ákveðið var að afgreiða þá liði sem hægt er með tölvupósti og boða til aukafundar þriðjudaginn 20. apríl.

Fundi slitið:

Helga Pálmadóttir